

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**649. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 25. maí 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við leikskólastjóra.
2. Viðræður við Sigríði Hjaltadóttur v/ Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.
3. Erindi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
4. Bréf Helgu Sigurhansdóttur.
5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
6. Fundargerð 774. Fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.
7. Fundargerð stjórnar SSNV frá 11. maí sl.
8. Upplýsingar frá 69. Héraðsþingi USVH 24. mars 2010.

**Afgreiðslur:**

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri er mætt til viðræðna við byggðarráð. Lagði hún til að reglum um uppsögn vistunarrýma í Leikskólanum Ásgarði verði breytt þannig að við bætist eftirfarandi setning: „Sé plássinu sagt lausu og sótt um aftur fyrir sama barn innan tveggja mánaða/60 daga, skoðast slíkt sem óslitin dvöl þ.e. ekki er hægt að segja upp plássi fyrir tveggja mánaða fjarveru eða minna.“ Byggðarráð samþykkir tillöguna. Þá leggur leikskólastjóri til að leikskóladeild sem rekin hefur verið í Víðihlíð sl. ár verði lögð niður frá og með 1. júní nk. Í bréfi leikskólastjóra kemur m.a. fram að vistunarrými á Hvammstanga er nægilegt. Byggðarráð samþykkir tillöguna. Byggðarráð færir Guðrúnu Láru þakkir fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu sem senn er á enda.
  2. Sigríður Hjaltadóttir, formaður stjórnar Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna er mætt til fundarins. Sigríður lagði fram bréf stjórnar til eigenda safnsins þar sem kynntar eru fjórar tillögur um rekstur safnsins. Byggðarráð tekur jákvætt í hugmyndir stjórnar um uppbyggingu safnsins.
  3. Fram lagt erindi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í erindinu er óskað eftir fjárstyrk frá sveitarfélaginu v/ útgáfu ferðahandbókar með áhugaverðum örnefnum. Byggðarráð hafnar erindinu.
  4. Fram lagt bréf Helgu Sigurhansdóttur þar sem hún óskar þess að ákvörðun um launaskerðingu og starfskjör verði tekin til endurskoðunar. Byggðarráð felur sveitarstjóra að fara yfir málið.
  5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lagt fram. Í bréfinu er tilkynnt um úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum á árinu 2010. Framlagið er kr. 4.260.000- og greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum, kr. 355.000 á mánuði.
  6. Fram lögð til kynningar fundargerð 774. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
  7. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 11. maí sl.
  8. Fram lagðar upplýsingar frá 69. Héraðsþingi USVH sem haldið var 24. mars sl.
- Samþykkt að taka á dagskrá:

9. Forstöðumaður tæknideildar mætti til fundarins og gerði grein fyrir tilboðum sem bárust í raflagnaþátt í byggingu vaðlaugar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Þorleifur Karl Eggertsson vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.
10. Oddur Sigurðarson spurðist fyrir um reglur um notkun á bifreið sveitarfélagsins. Fram kom að skriflegar reglur hafi ekki verið samdar.
11. Í tilefni af bréfi meirihluta sveitarstjórnar sem dreift var á öll heimili í Húnaþingi vestra þann 21. maí sl. með yfirskriftinni “Ágætu íbúar Húnaþings vestra“ óskar Oddur Sigurðarson eftir því að fært sé til bókar að hann hafi ekki verið í meirihlutasamstarfi á yfirstandandi kjörtímabili.

Fundagerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:05

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),  
Þ. Karl Eggertsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),  
Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).